

Föstudaginn 18. júní 1971.

Nr. 208/1970. **Möl og Sandur h/f** (Magnús Thorlacius hrl.)
 gegn
Verki h/f (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 og til réttargæzlu **Regni h/f** (enginn)
 og
Heilbrigðismálaráðherra (Sigurður Ólason hrl.)
 og
Verk h/f
 gegn
Möl og Sandi h/f.

Dómenndur:

hæstaréttardómarmennir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson,
 Gizur Bergsteinsson og Magnús P. Torfason og prófessor
 Ármann Snævarr.

Lögbann.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1970 og gert þar dómkröfur, að lögbann, á lagt í fógetadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 7. ágúst 1970, verði staðfest og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 23. nóvember 1970 og krafist þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti. Stefna á hendur heilbrigðismálaráðherra var gefin út 13. apríl 1971. Þá var áfrýjunarfrestur liðinn.

Rögnvaldur Þorkelsson verkfræðingur hefur hinn 20. febrúar 1971 gefið álitserð um nýtingu sand- og malarnámu þeirrar í Vífilstaðalandi, sem í máli þessu greinir. Niðurstaða hans er: „Mitt álit er, að vinna heri þetta efni á þann hátt, að öllu malarefni, þvert yfir svæðið, sé blandað saman, t. d. með jarðýtu, svo að þunnu lögin blandist við þau þykku, en þykku lögin eru eingöngu, þar sem Verk h/f hefur ýtt

ofan af. Ég tel ekki rétt eða ráðlegt, að þetta malarnám verði nýtið af tveim sjálfstæðum aðiljum, það er að minnsta kosti líklegt, að þá verði meiri hluti efnisins ónothæfur.

Um hugsanlega vinnslu tveggja aðila tel ég ekki framkvæmanlega, nema að þeir vinni fullkomlega saman“.

Með samningi 21. október 1961 við heilbrigðismálaráðuneytið öðluðust Möl og Sandur h/f og Reginn h/f rétt til um 15 ára skeið frá 1. júlí 1961 að telja að nýta sand- og malarnámu þá í Vífilsstaðalandi, sem um er deilt í máli þessu. Eigi liggja fyrir skýrslur um, hvernig aðaláfrýjandi, Möl og Sandur h/f, og Reginn h/f hugðust upphaflega haga samvinnu sinni um nýtingu og vinnslu námunnar, en reyndin varð sú, að aðaláfrýjandi vann námuna einn, unz Reginn h/f framseldi gagnáfrýjanda, Verki h/f, námurétt sinn á árinu 1970, að fengnu samþykki heilbrigðismálaráðuneytisins, sem bundið var því skilyrði, að ábyrgð Regins h/f á efndum samningsins frá 21. október 1961 gagnvart ráðuneytinu haldist.

Aðaláfrýjandi, Möl og Sandur h/f, og Reginn h/f áttu hvor um sig einungis samvinnslurétt til námunnar. Ef þeir, hvor um sig, hefðu viljað vinna námuna og samkomulag eigi verið fyrir hendi, hefðu þeir orðið að leita úrskurðar þar til bærs handhafa valds um námuréttindi sín á milli, áður en til vinnslu kom. Reginn h/f gat að vísu framselt rétt sinn til námunnar til þriðja aðilja með samþykki heilbrigðismálaráðuneytisins, en einungis með þeim takmörkunum, sem nú var lýst. Samkvæmt þessu er aðiljum máls þessa eigi rétt, hvorum um sig, að vinna námuna, unz ráðið er til lykta á löglegan hátt ágreiningi þeirra og kveðið á um rétt þeirra hvors um sig. Ber því að staðfesta lögbann það, sem í málinu greinir, að svo stöddu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 80.000.00.

Dómsorð:

Lögbann það, sem lagt var hinn 7. ágúst 1970 við

vinnslu gagnáfrýjanda, Verks h/f, á malar- og sandnámu í Vífilsstaðalandi í Garðahreppi, er staðfest að svo stöddu.

Gagnáfrýjandi, Verk h/f, greiði aðaláfrýjanda, Möl og Sandi h/f, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 80.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu

9. nóvember 1970.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. nóvember 1970, hefur hlutafélagið Möl og Sandur, Garðahreppi, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 11. ágúst 1970, á hendur hlutafélaginu Verki, Reykjavík, til staðfestingar á lögbanni, sem lagt var við starfsemi stefnda í malarnámu í landi Vífilsstaða í Garðahreppi 5. ágúst 1970. Enn fremur er krafizt málskostnaðar að skaðlausu, þar á meðal lögbannskostnaðar.

Hlutafélaginu Regni h/f, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, hefur verið stefnt til réttargæzlu, en engar kröfur eru gerðar á hendur því.

Af stefnda hálfu er þess krafizt, að synjað verði um staðfestingu lögbannsins og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu, þar á meðal lögbannskostnað.

Af hálfu réttargæzlustefnda hefur verið tekið undir kröfur stefnda og krafizt málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda í máli þessu.

Af hálfu réttargæzlustefnda var sótt þing við þingfestingu málsins 19. ágúst 1970. Þann 1. september 1970 var skilað greinargerð af hálfu réttargæzlustefnda. Þegar málið var tekið fyrir næst, þann 16. október 1970, var sótt þing af hálfu réttargæzlustefnda, en ekki síðan.

Málavextir.

Þann 21. október 1961 var undirritaður svohljóðandi samningur: „Samningur um sand- og malarnám í landi Vífilsstaða.

Undirritaðir, skrifstofa ríkisspítalanna, Klapparstíg 29, Reykjavík, f. h. heilbrigðismálaráðuneytisins (seljandi) og Reginn h.f.

og Möl og Sandur h.f., Garðahreppi (kaupandi), gera með sér eftirfarandi kaupsamning:

1. Hið selda er réttur til sand- og malartöku í landi Vífilsstaða-hælis í sand- og malarnámu, sem kaupandi hefur þegar byrjað vinnslu í og er afmörkuð með rauðum línunum á teikningu af námu-svæðinu eftir Rögnvald Þorkelsson verkfræðing og fylgir hér með sem fylgiskjal nr. 1. Réttur fylgir ekki til sand- og malar-töku á öðrum stöðum í landi Vífilsstaða. Nú óskar kaupandi að fá rétt til efnistöku í landi Vífilsstaða utan þess svæðis, sem tiltekið er í samningi þessum, og skal hann þá semja um það sér-staklega við seljanda hverju sinni. Hér er átt við rétt til sand-töku til að auka við sandmagn úr umræddri sand- og malar-námu til blöndunar á steypuefni, ef nauðsynlegt þætti.

Flutningar að og frá námusvæðinu skulu fara um landssvæði, sem seljandi samþykkir hverju sinni.

2. Gjald til seljanda skal vera kr. 2.00 — tvær krónur — fyrir hverja tunnu af steypuefni (sand og mól), sem kaupandi flytur burt af námusvæðinu. Skal kaupandi greiða gjald þetta mánaðar-lega fyrir 10. dag hvers mánaðar, og þá fyrir efnistöku í næsta mánuði á undan. Fara skal eftir sölubókum kaupanda við upp-gjör á efnismagni.

Seljandi mun ráða sérstakan eftirlitsmann, trúnaðarmann, sem mun annast eftirlit með sand- og malartökunni. Hefur eftirlits-maðurinn aðgang að sölubókum kaupanda og öðrum gögnum um efnissölu. Þá hefur eftirlitsmaður rétt til mælinga á námusvæð-inu og námunni til samanburðar við upplýsingar kaupanda um efnissölu. Þá mun eftirlitsmaður hafa afskipti af umgengni og hirðingu á námusvæðinu.

Með grein þessari er átt við gjald fyrir steypuefni. Óski kaup-andi að flytja burt efni, sem ekki er nothæft í steypu, skal hann semja um það sérstaklega við seljanda. Hér er átt við efni til gatnagerðar o. s. frv.

3. Samkvæmt 2. gr. er gjald fyrir hverja tunnu af steypuefni ákveðið kr. 2.00. Þegar 5 ár eru liðin af samningstíma, skal endur-skoða þetta verð og aftur að 10 árum liðnum, eða fyrir 1. júlí 1966 og 1. júlí 1971. Skulu aðilar reyna að koma sér saman um nýtt verð, ef ástæða er til breytts verðs, en takist það ekki, sker gerðardómur úr. Í gerðardóm þennan, sem skipaður skal 5 mönn-um, tilnefnir hvor aðili einn mann, en borgardómarinn í Reykja-vík þrjá.

Gjaldið, kr. 2.00 á tunnu, er miðað við verðgildi námunnar í dag. Við endurskoðun og ákvörðun verðs að 5 (og 10) árum liðnum skal taka tillit til breytinga á: almennu verðlagi, verðlagi á steypuefni, staðsetningu námunnar, vinnslukostnaði, gæða efnisins o. s. frv. Með öðrum orðum allra þeirra hluta, sem áhrif hafa á verðgildi námunnar á þeim tíma.

4. Seljandi óskar þess, að vinnslu námunnar verði hraðað eftir föngum. Kaupandi upplýsir, að árleg steypuefnissala sín hafi verið 100—150 þús. tonnur. Er gert ráð fyrir, að efnistaka kaupanda verði ekki minni en 100.000 tonnur á ári. Seljandi hefur rétt til að rifta samningi þessum, verði efnistaka kaupanda minni en 50.000 tonnur á ári. Skilyrði er þó, að opinberar hömlur, svo sem fjárfestingarbaneið, mikill lánsfjárskortur o. s. frv., stöðvi ekki notkun steypuefnis.

5. Til tryggingar greiðslu til seljanda á hverjum tíma fyrir steypuefni samþykkir kaupandi og gefur út tryggingarvixil, er jafngildi ca. 6 vikna úttekt á efni úr námunni. Kaupandi er Reginn h.f. og Möl og Sandur h.f., Garðahreppi. Ábyrgjast Reginn h.f. og Möl og Sandur h.f. báðir in solidum framkvæmd samnings þessa. Seljandi mun ekki hafa afskipti af, hvernig Reginn h.f. og Möl og Sandur h.f. skipta með sér verkum við framkvæmd samnings þessa, enda er öll vinna við sand- og malartökuna algjörlega á ábyrgð kaupanda.

6. Seljandi hefur forgangsrétt til efniskaupa úr námunni, óski hann eftir að beina viðskiptum sínum til kaupanda.

7. Kaupandi skal árlega jafna allar gryfjur og hóla, sem lokið er við að vinna, og skila landinu eins sléttu og aðstæður leyfa í lok samningstímans.

Kaupandi skal flytja af námusvæðinu allar vélar og annan varning, sem á svæðið hefur verið fluttur, að samningstímanum loknum eða lokinni vinnslu námunnar.

8. Kaupanda er óheimilt að framselja öðrum aðilum nokkur réttindi til námuvinnslu, nema til komi samþykki seljanda.

9. Vanskil á greiðslum samkvæmt samningi þessum eða veruleg vanefnd á öðrum samningsákvæðum af hendi kaupanda gefa seljanda rétt til riftunar samningsins.

10. Mál, sem rísa kann út af samningi þessum, má reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur án undangenginna sáttaumleitana milli aðila.

11. Samningur þessi er gerður til 15 ára. Hefst samningstíminn 1. júlí 1961 og endar 30. júní 1976.

Til staðfestu framanrituðum samningi rita seljandi og kaupandi nöfn sín í viðurvist tveggja votta.

Reykjavík, 21. október 1961“.

Ekkert er upplýst um samninga Regins h/f og Malar og Sands h/f um hagnýtingu þeirra réttinda, sem þeim veittust með fram-
anrituðum samningi. Framkvæmdastjóri stefnanda, Haraldur B. Bjarnason, Reynimel 28, Reykjavík, hefur lýst því yfir fyrir dóminum, að hann minnst þess ekki, að Möl og Sandur h/f og Reginn h/f hafi samið um, að rétt samkvæmt samningnum mætti ekki framselja.

Möl og Sandur h/f hóf þegar starfrækslu námunnar, en Reginn h/f hefur enga starfsemi haft í námunni.

Umboðsmaður stefnda hefur staðhæft í greinargerð, að verk-
fræðingur á vegum heilbrigðismálaráðuneytisins hafi áætlað heildarefnismagn við upphaf samningstímans 2 milljónir til 2.4 milljónir tunna af steypuefni.

Samkvæmt vottorði skrifstofu ríkisspítalanna hefur efnistaka Malar og Sands h/f numið 589.792 tunnum frá upphafi samn-
ingstímabilsins til áramóta 1970.

Á dómpingi, sem háð var 28. október 1970, lýsti framkvæmda-
stjóri stefnanda því yfir, að 40.000 til 50.000 tonnur af steypuefni hefðu verið teknar úr námunni á vegum stefnanda frá síðustu áramótum.

Í ofangreindu vottorði segir enn fremur, að samkvæmt mæl-
ingum Rögnvalds Þorkelssonar verkfræðings, staðfestum með bréfi, dags. 28. júlí 1970, sé heildarmagn Malar og Sands á samn-
ingssvæðinu nú áætlað 1.100.000 tonnur.

Í bréfi Regins h/f, dags. 23. maí 1970, til hreppsnefndar Garða-
hrepps er þess getið, að Verk h/f hafi óskað eftir að yfirtaka réttindi Regins h/f samkvæmt samningnum. Er þess síðan farið á leit með vísan til 8. greinar samningsins, þar sem Garðahreppur sé nú orðinn eigandi að Vífilsstaðalandi, að hreppsnefndin veiti samþykki sitt til, að Reginn h/f framselji Verki h/f rétt sinn.

Með bréfi, dags. 9. júlí 1970, er staðfest, að hreppsnefndin samþykki framsalið fyrir sitt leyti. Hreppsnefndin tekur þó fram, að afsal hafi ekki farið fram enn á landinu, þótt um kaup hafi verið samið.

Um þetta leyti mun Reginn h/f hafa framselt Verki h/f rétt sinn.

Snemma í júlímánuði kom Birgir G. Frimannsson, Túngötu 51, Reykjavík, framkvæmdastjóri Verks h/f, að máli við Harald

Bjarnason, framkvæmdastjóra Malar og Sands h/f, á athafnasvæði stefnanda við Álfanesveg í Garðahreppi. Í fylgd með Birgi var Knud Tetzchner, tæknifræðingur Verks h/f.

Fyrir dóminum hefur Birgir skýrt svo frá þessum fundi, að hann hafi tjáð Haraldi, að Verk h/f væri að undirbúa sand- og malarnám í Vífilsstaðagryfjum með leyfi Garðahrepps, hann væri að koma úr gryfjunum og gæti ekki vel áttað sig á, hvaða vinnslusvæði Möl og Sandur h/f hefði helgað sér, og óskaði eftir samvinnu við Harald um skipulagningu á efnistöku. Hann kveður Harald hafa sagzt telja, að vélakostur Verks h/f væri svo stórvirkur, að fyrirtækið gæti tæmt gryfjurnar á tveimur eða þrem mánðum. Enn fremur kvað Birgir Harald hafa sagt, að Garðahreppur gæti ekki leyft efnistöku. Loks kveður hann Harald hafa sagt, að Verk h/f sýndi fyrirtæki sínu yfirgang og tillitsleysi og að ekki þyrfti að ræða málið frekar.

Haraldur Bjarnason hefur kannazt við það fyrir dóminum, að þetta samtali hafi átt sér stað. Hann kveður Birgi þá hafa tilkynnt sér, að Verk h/f hygðist hefja starfsemi í Vífilsstaðanámunni daginn eftir. Birgir hefur synjað fyrir að hafa sagt þetta. Haraldur segist hafa spurt Birgi um heimildir Verks h/f. Hann kveður Birgi hafa svarað því til, að hann væri með samning upp á vasann við Garðahrepp. Haraldur segist þá hafa tjáð Birgi, að hann hefði sínar heimildir frá ríkinu og fyrir því kæmu sér ekki við samningar hans við Garðahrepp. Hann kveður Birgi þá hafa lýst því yfir, að hann mundi hefja framkvæmdir. Haraldur kannaðist við það fyrir dóminum, að Birgir hefði spurt sig um, hvar Möl og Sandur hygðist vinna á svæðinu, svo að Verk h/f gæti tekið tillit til þess. Ekki kvaðst hann kannast við, að Birgir hefði boðið til samvinnu.

Knud Tetzchner hefur skýrt svo frá þessu samtali, að Birgir hafi tjáð Haraldi, að Verk h/f hefði náð samningum við Regin h/f og ætti að byrja þegar í stað. Hann kveður Birgi hafa spurt Harald, hvorum megin hann vildi, að Verk h/f ynni í námunni. Hann kveður Harald engu hafa svarað þessu, en sagt, að Verk h/f ætti engan rétt til námunnar, og hótað að beita lögregluvaldi til að hindra starfsemi Verks h/f í námunni. Enn fremur kveður hann Harald hafa sagt, að ekki væri hægt að hafa samvinnu við Verk h/f, því að það mundi vinna svo mikið magn á svo skömmum tíma, að ekkert yrði eftir fyrir Möl og Sand h/f. Hann kveður Birgi hafa sagt, að nóg verkefni væri fyrir bæði fyrirtækin í fimm ár.

Fyrir dóminum hefur Birgir haldið því fram, að samkvæmt áætlunum fyrirtækis síns muni náman verða tæmd á tveimur til þremur árum.

Birgir kveðst hafa farið rakleitt til námunnar og valið stað í austurhluta hennar, þar sem honum virtist, að ekki hefði verið unnið lengi.

Samningssvæðið er að lögun sem óreglulegur ferhyrningur. Vesturhliðin liggur eftir höfuðáttum í norður og suður. Norðurhliðin myndar hvasst horn við vesturhliðina, þó þannig, að svæðið breiðkar eftir því sem austur dregur. Suðurhliðin er töluvert lengri en norðurhliðin.

Um miðbik svæðisins hefur verið unnið til botns og þaðan að miklu leyti að vesturmörkum og að norðurmörkum vestanverðum. Töluvert er þó óunnið víðs vegar í norðvesturhluta námunnar. Hefur þar verið rutt moldarjarðvegi ofan af. Töluvert svæði er óunnið á austurhluta samningssvæðisins.

Samkvæmt framburði Haralds Bjarnasonar hafði Möl og Sandur h/f enga starfsemi haft í námunni frá áramótum 1969. Fyrir þann tíma kvað hann hafa verið unnið í austurhluta námunnar með skurðgröfu, sem fyrirtæki hans átti. Þessi skurðgrafa hafði verið biluð lengi, þegar þjófar komu á síðastliðnu vori eða snemma sumars, rifu hana að miklu leyti í sundur og höfðu sumt á brott með sér. Frá því um vorið 1969 kveður Haraldur hafa verið samið við nokkra aðilja um, að þeir flyttu efni úr námunni til athafnasvæðis Malar og Sands h/f við Álfanesveg. Þessir aðiljar hafa ekki unnið í austurhluta námunnar, enda hefur legið þar þykkt moldarlag ofan á steypuefninu alveg fram á brún malar-gryfjunnar.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi haft í hyggju að flytja tæki sín, mulnings- og hörpunarvél og steinsteypa efnisgáma, á athafnasvæði sitt í Vífilsstaðalandi. Kveður hann landeiganda vera farinn að amast við starfsemi sinni við Álfanesveginn. Hann kveðst hafa fengið loforð fyrir 500.000 króna láni úr Iðnlánasjóði til að kosta flutning tækjanna.

Föstudaginn 10. ágúst hófust undirbúningsframkvæmdir Verks h/f. Vélskófla Malar og Sands h/f var færð yfir í suðvesturhorn gryfjunnar. Vegur, sem legið hafði ofan í gryfjuna suðvestan til á svæðinu, var lagfærður. Undir rekstri málsins hefur komið í ljós, að þessi vegarlagning var framkvæmd án heimildar hreppsyfirvalda. Nokkur hluti gryfjubotsins var jafnaður, þar sem áætlað var að hafa athafnasvæði Verks h/f og efnisbirgðir.

Ýtt var moldarjarðvegi ofan af stóru svæði frá gryfjustálinu í átt að austurmörkum samningssvæðisins. Moldinni var hrannað upp til beggja handa, en sumu var steipt ofan í gryfjuna á einum stað. Að þessu var unnið dag og nótt fram á þriðjudagsmorgun 14. júlí.

Fimmtudaginn 16. júlí krafðist Mól og Sandur h/f þess, að lagt yrði lögbann við starfsemi Verks h/f. Beindust kröfur félagsins upphaflega bæði gegn Verki h/f og Regni h/f. Hætti þá Verk h/f þegar í stað starfsemi sinni á námusvæðinu.

Laugardaginn 18. júlí krafðist heilbrigðismálaráðuneytið lögbanns við starfsemi Verks h/f.

Lögbannsbeiðni Malar og Sands h/f var tekin fyrir í fógetaðómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 20. júlí 1970. Var málinu festað nokkrum sinnum til 31. júlí 1970, er málið var tekið undir úrskurð.

Í þinghaldi 24. júlí 1970 var fallið frá kröfum á hendur Regni h/f.

Með bréfi, dags. 22. júlí 1970, fór Reginn h/f þess á leit við heilbrigðismálaráðuneytið, að ráðuneytið staðfesti réttindaframsalið. Ráðuneytið synjaði þessari beiðni með bréfi, dags. 23. júlí 1970. Með bréfi, dags. 30. júlí 1970, samþykkti ráðuneytið framsalið með því skilyrði, að ábyrgð Regins h/f á efndum samningsins héldist óbreytt.

Þann 31. júlí 1970 gaf Reginn h/f út yfirlýsingu um, að félagið ábyrgðist efndir samningsins að óskiptu með Mól og Sandi h/f.

Þann 5. ágúst 1970 var að kröfu Malar og Sands h/f kveðinn upp úrskurður um lögbann við starfrækslu Verks h/f í malar-námu í landi Vífilsstaða í Garðahreppi gegn bankatryggingu að fjárhæð kr. 1.200.000.00.

Segir svo í úrskurðinum: „Rétturinn lítur svo á, að framkvæmdir gerðarpola á athafnasvæði gerðarbeiðanda svo og það að ýta mold ofan í malargryfjur gerðarbeiðanda kunni að skerða rétt gerðarbeiðanda það verulega, að þegar af þeirri ástæðu sé rétt af leyfa framgang gerðarinnar“.

Þann 7. ágúst 1970 var af hálfu stefnanda lögð fram tilskilin trygging. Að því búnu lýsti fógeti yfir lögbanni.

Málsástæður.

Meginmálsástæða stefnanda er sú, að framsal á réttindum réttargæzlustefnda, Regins h/f, til stefnda, Verks h/f, sé óheimilt án samþykkis stefnanda, þar sem það varði stefnanda miklu, hver sé samaðili hans að samningnum við landeiganda um námurétt-

indin. Er aðstöðu stefnanda jafnað til þess, ef tveir menn hefðu saman íbúðarhúsnæði á leigu. Telur stefnandi, að öðrum samleigjendanna væri þá óheimil framleiga án samþykkis hins samkvæmt meginreglum laga. Sömu grunnreglu telur stefnandi eiga að leiða til þess, að fallizt verði á kröfu hans.

Stefnandi telur enn fremur, að ákvæði landskiptalaganna nr. 46 frá 1941 leiði til sömu niðurstöðu, þannig að stefnda sé óheimil starfsemi á samningssvæðinu, þar til landskipti hafi farið fram með samkomulagi aðiljanna eða endanlegum dómi.

Umboðsmaður stefnanda hefur lýst þeirri skoðun, að til að koma fram skiptum og fá létt af lögmanninu, hefði stefndi átt að höfða gagnsök til að fá dóm fyrir því, hver eignarhlutföll ættu að vera. Er því haldið fram, að rétt skipti ættu að vera helmingaskipti á því, sem eftir er.

Sérstaklega er á því byggt, að algerlega hafi verið óheimilt að nota gryfju stefnanda til að nálgast steypuefnið og ryðja mold ofan í hana.

Af stefnda hálfu er á því byggt, að hann hafi löglega gengið inn í réttindi réttargæzlustefnda samkvæmt samningnum frá 1. júlí 1961. Þar sem enginn samningur hafi verið gerður milli Malar og Sands h/f og Regins h/f um hið gagnstæða, hafi ekki þurft að leita samþykkis stefnanda til framsalsins. Er á það bent, að eina frambærilega ástæðan, sem stefnandi hefði getað fært fram gegn aðiljaskiptunum, sem sé sú, að það skipti máli, hver sé ábyrgur með honum fyrir efndum samningsins, sé fallin niður með því, að Reginn h/f hafi lýst því yfir, að ábyrgð félagsins sé óbreytt. Einnig er á það bent, að stefnandi hafi frá upphafi mátt vænta þess, að Reginn h/f hæfi fyrirvaralaust vinnslu í stórum stíl. Algerlega er vísað á bug staðhæfingu stefnanda um, að landskiptalög eigi við um skipti aðilja.

Loks er því haldið fram, að sá hluti malargryfjunnar, þar sem stefndi hóf framkvæmdir, hafi verið yfirgefinn af stefnanda, enda sé gryfjan til orðin sem eyða, þegar efnið hafi verið fjarlægð, og sé sú eyða einskis manns eign.

Af hálfu réttargæzlustefnda hefur því verið haldið fram, að honum hafi verið fullkomlega heimilt að framselja réttindi sín samkvæmt samningnum frá 21. október 1961, þegar samþykki réttis aðilja lægi fyrir. Er því haldið fram, að það fái með engu móti staðizt, að hægt sé að halda Regni h/f í óskiptri ábyrgð með stefnanda allt til loka samningstímans og neita honum

samtímis um rétt til þess að hagnýta sér samninginn og tryggja það, að félagið verði ekki fyrir stórfelldu fjártjóni.

Álit réttarins.

Ein af meginreglum íslensks réttar er sú, að mönnum sé frjálst að ráðstafa réttindum sínum. Rétturinn til ráðstöfunar í lifenda lífi er ein af aðildum eignarréttarins, og eignarrétturinn er friðhelgur samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33 frá 1944.

Ráðstöfunarrétturinn getur þó verið takmarkaður með ýmsum hætti, m. a. með samningum, eins og er um réttindi þau, sem um er deilt í þessu máli. Einnig getur framsal réttinda snert svo persónulega hagi annarra manna, að það geti ekki náð fram að ganga eða orðið virkt án samþykkis þeirra.

Stefndi hefur fengið samþykki réttis aðilja, heilbrigðismálaráðuneytisins, til framsalsins. Engir samningar voru milli stefnanda og réttargæzlustefnda um, að ekki mætti framselja réttindin.

Réttindi til malarnáms eru ekki persónulegs eðlis, heldur liggja þau á sviði framkvæmda og viðskipta. Aðiljar málsins eru lögpersónur, hlutafélög, og stefnandi mátti ávallt búast við því, að skipti yrðu á stjórn og hluthöfum í hlutafélaginu Regni, án þess að Möl og Sandur h/f fengi þar nokkuð að gert. Stefnandi mátti og hvenær sem var eiga von á, að Reginn h/f hæfi stórfelldar framkvæmdir í námunni.

Í Jónsbók, kaupabálki, 20. kapítula, segir svo: „Alla þá gripi, er menn eiga saman, hvárt sem þat er akr eða teigar, hús eða aðra hluti, þá er skipti fær á komit, þá skal sá skipti ráða, er skipta vill ...“.

Í landskiptalögum nr. 46/1941 segir svo í 3. mgr. 3. gr.: „Nú er ágreiningur um eignahlutföll óskipts lands eða landsnytja, og næst ekki samkomulag. Verður þá eigi úr því skorið nema með dómi ...“.

Stefnandi hefur ekki gert kröfu samkvæmt þessu ákvæði, og hann getur ekki lagt þá kvöð á stefnda, að hann hafi uppi slíka kröfu eða hlýti lögbanni ella. Í þessu máli hefur þannig ekki verið fjallað um eignahlutföll, og um þau hefur ekkert verið ákveðið. Því er ekki hægt að taka afstöðu til þess, hvort væntanlegur námurekstur stefnda fari í bága við þann hlutfallsrétt, sem stefnandi kann að eiga. Í þessu sambandi má hafa í huga, að Reginn h/f og Verk h/f hafa enn ekki unnið neitt efni úr námunni, en stefnandi setið einn að henni á tíunda ár.

Rétturinn lítur svo á, að það hagræði, sem stefnandi hefur

stofnað til með því að grafa víða gryfju á samningssvæðinu, þar sem koma má fyrir tækjum, geyma efnisbirgðir og komast að námuefninu í bröttu stáli, sé verðmæt lögvarin réttindi hans. Hins vegar er réttarsamband aðiljanna sem samaðilja að námuréttindunum svo náð, að þeir hljóta að þola afnot hvor annars að því hagræði, sem þeir hafa stofnað til hvor um sig, enda valdi framkvæmdir notandans ekki hinum verulegu óhagræði eða tjóni, enda komi sanngjörn greiðsla fyrir, eftir því sem atvik liggja til.

Að því er vegaframkvæmdir varðar, er það skoðun dómsins, að stefnandi eigi ekki aðild þeirrar sakar.

Ekki verður séð, að leifar þær af ámokstursvél, sem stefndi lét flytja til í gryfjunni, séu verr komnar þar, sem þær eru nú. Afnot stefnda af botni gryfjunnar fyrir tæki sín og vörubirgðir eru greinilega þess eðlis, að stefnandi verður að setta sig við þau samkvæmt ofansögðu. Nóg rúm er í gryfjunni fyrir tæki þau, sem stefnandi hyggst flytja af Álfanesi, enda mun fljótt rýmkast enn frekar um, þegar stefndi hefur hafið malarnámið.

Hafa ber í huga, að stefnandi hefur ekkert efni unnið í þeim hluta námunnar, þar sem stefndi hóf framkvæmdir, hátt á annað ár.

Ef nýta á allt efni, sem á samningssvæðinu er að finna, hlýtur fyrr eða síðar að koma að því, að ýta verði mold ofan í gryfjurnar, enda virðist beinlínis gert ráð fyrir því í 7. grein samningsins, að jarðvegi, sem eftir verður, verði jafnað yfir svæðið.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda og fallast á kröfu stefnda um, að lögbannið verði fellt úr gildi.

Rétt þykir, að stefnandi greiði stefnda kr. 70.000.00 í málskostnað.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður til réttargæzlu-stefnda, sem hætt hefur að sækja þing í málinu, falli niður.

Dóm þennan kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson, formaður dómsins, og meðdómsmennirnir Snæbjörn Jónasson yfirverkfræðingur og Kristján Torfason lögfræðingur.

Dómsorð:

Lögbann, sem lagt var við starfsemi stefnda, Verks h/f, í malarnámu í landi Vífilsstaða í Garðahreppi 5. ágúst 1970, er fellt úr gildi.

Stefnandi, Mól og Sandur h/f, greiði stefnda, Verki h/f, kr. 70.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fúgetadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu

5. ágúst 1970.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 31. júlí s.l., kom fyrir fúgetaréttinn 20. júlí s.l.

Í málinu hefur gerðarbeiðandi, Mól og Sandur h/f, gert þær réttarkröfur, að lögbann verði lagt við starfrækslu Verks h/f í malarnámu í landi Vífilsstaða í Garðahreppi á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarpóla. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gerðarpóla að skaðlausu.

Gerðarþoli, Verk h/f, gerir þær réttarkröfur, að umbeðið lögbann nái ekki fram að ganga og gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarpóla málskostnað að skaðlausu.

Til vara gerir gerðarþoli þær réttarkröfur, að ef hin umbeðna lögbannsgerð nái fram að ganga, verði gerðarbeiðanda áður gert að setja tryggingu að fjárhæð kr. 4.200.000.00.

Málavextir eru þeir, að Verk h/f hefur hafið undirbúningsframkvæmdir við malarnámu í landi Vífilsstaða í Garðahreppi. Rétt sinn til malartöku í umræddri námu byggir Verk h/f á samningi, dags. 21. október 1961, um sand- og malarnám í landi Vífilsstaða milli skrifstofu ríkisspítalanna f. h. heilbrigðismálaráðuneytisins sem seljanda og Regins h/f og Malar og Sands h/f sem kaupanda. Reginn h/f hefur framselt Verki h/f rétt sinn samkvæmt ofangreindum samningi, en samkvæmt 8. gr. samningsins er kaupanda óheimilt að framselja öðrum aðiljum nokkur réttindi til námuvinnslu, nema til komi samþykki seljanda.

Undanfarið hafa staðið yfir samningar milli jarðeignadeildar ríkisins sem seljanda og hreppsnefndar Garðahrepps sem kaupanda um sölu á umræddu landi, en afsal hefur ekki enn farið fram á landi því, sem malargryfjurnar eru í.

Verk h/f leitaði samþykkis hreppsnefndar Garðahrepps fyrir umræddu framsali, og með bréfi, dagsettu 9. júlí s.l., samþykkti hreppsnefnd Garðahrepps fyrir sitt leyti, að Reginn h/f framseldi Verki h/f rétt sinn samkvæmt samningnum frá 21. október 1961, en tók þó fram, að afsal til Garðahrepps hefði enn ekki farið fram á landinu.

Upphaflega beindist lögbannsgerð þessi gegn Verki h/f og Regni h/f, en í réttarhaldi 24. júlí féll gerðarbeiðandi frá öllum kröfum gegn Regni h/f, þannig að gerðin beindist eingöngu gegn Verki h/f.

Með bréfi, dagsettu 22. júlí s.l., leitaði Reginn h/f samþykkis heilbrigðismálaráðuneytisins til að framselja rétt sinn samkvæmt samningnum frá 21. október 1961, og með bréfi, dagsettu 23. júlí s.l., var samþykkis ráðuneytisins synjað.

Í framhaldi af bréfinu frá 23. júlí ritaði ráðuneytið annað bréf til Regins h/f, dags. 30. júlí, þar sem ráðuneytið samþykkti fyrir sitt leyti framsal Regins h/f til Verks h/f samkvæmt samningnum frá 21. október 1961, þar sem tekið var fram, að synjunin hefði verið byggð á því skilyrði, að Regin h/f yrði leystur undan solidariskri ábyrgð samkvæmt samningnum, og samþykkti ráðuneytið umrætt framsal, ef ábyrgð Regins h/f samkvæmt samningnum yrði óbreytt. Því skilyrði var síðan fullnægt með yfirlýsingu Regins h/f, dags. 31. júlí s.l.

Við þingfestingu máls þessa lagði gerðarbeiðandi fram 200.000.00 króna bankatryggingu.

Gerðarbeiðandi byggir kröfur sínar á því, að réttur Malar og Sands h/f skerðist mikið við það, að nýr aðili gangi inn í samning þennan. Það skipti miklu máli fyrir hvern og einn, hver sé meðnotandi að hlut með manni. Réttur Malar og Sands h/f sé að engu orðinn við það, að annar aðili sé farinn að vinna inni á sama svæði og ýti mold ofan í malargryfjur gerðarbeiðanda. Einnig telur gerðarbeiðandi, að allar grundvallarreglur laga um samninga lúti á einn veg að því, að framsal sem þetta sé óheimilt án samþykkis meðnotanda (gerðarbeiðanda). Gerðarbeiðandi telur enn fremur, að tæki gerðarþola séu það stórvirk, að malarnám muni tæmast á stuttum tíma. Gerðarbeiðandi mótmælir algerlega tryggingarkröfu gerðarþola. Þegar hafi verið sett 200.000.00 kr. trygging og sé hún algerlega fullnægjandi, þar sem gerðarþoli hafi aðgang að öðrum námum og þurfi því ekki til vinnustöðvunar að koma vegna lögbanns þessa.

Gerðarþoli reisir kröfur sínar á því, að samkvæmt 26. grein laga nr. 18/1949 verði athöfn að raska á ólögsmætan hátt rétti gerðarbeiðanda, til þess að hann geti fengið lagt lögbann við henni. Telja verði samkvæmt 8. gr. samningsins frá 21. október 1961, að samþykki seljanda um framsal sé fullnægjandi og þurfi ekki annað samþykki til að koma, enda geri samningurinn ekki ráð fyrir því.

Hingað til hafi gerðarbeiðandi einn haft aðgang að námunni og hafi hann alltaf mátt reikna með því, þar sem kaupendur í samningi þessum séu tveir, að réttur hans mundi eitthvað skerðast.

Gerðarþoli telur 200.000.00 króna tryggingu algerlega ófullnægjandi, þar sem um enga aðra námu sé að ræða, sem félagið hafi aðgang að. Það muni taka að minnsta kosti mánuð að útvega og undirbúa til vinnslu aðra námu. Tugir bifreiða og alls konar tækja og tugir starfsmanna yrðu verkefnalausir, jafnframt því að ekki yrði unnt að standa við umsamda samninga um afhendingu steypu og bótakröfur vegna afhendingardráttar yrði að fá greiddar af tryggingu gerðarbeiðanda.

Rétturinn lítur svo á, að framkvæmdir gerðarþola á athafnasvæði gerðarbeiðanda svo og það að ýta mold ofan í malar-gryfjur gerðarbeiðanda kunni að skerða rétt gerðarbeiðanda það verulega, að þegar af þeirri ástæðu sé rétt að leyfa framgang gerðarinnar.

Rétturinn telur enn fremur, að ósannað sé, að gerðarþoli hafi aðgang að nokkurri annarri malarnámu, og þykir því viðbótartrygging hæfilega ákveðin krónur 1.000.000.00 — ein milljón, — þannig að heildartrygging verði krónur 1.200.000.00. Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Úrskurð þennan kvað upp Guðm. Karl Jónsson, fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn því, að hann setji viðbótartryggingu að fjárhæð kr. 1.000.000.00.

Málskostnaður fellur niður.
